

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2179****2023/EES/85/24****frá 9. desember 2021****um aðgerðir opinbera viðmótsins sem er tengt við upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn varðandi útsendingu
ökumanna á sviði flutninga á vegum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1057 frá 15. júlí 2020 um sértækar reglur að því er varðar tilskipun 96/71/EB og tilskipun 2014/67/ESB um útsendingu ökumanna á sviði flutninga á vegum og um breytingu á tilskipun 2006/22/EB að því er varðar kröfur um framfylgd og á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 ⁽¹⁾, einkum 14. mgr. 1. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057 er heimilt að krefjast þess að flutningsaðilar á vegum sendi lögbærum yfirlýsningum aðildarríkis, sem ökumaðurinn er í eða hefur verið útsendur til, yfirlýsingu um útsendingu eða önnur skjöl með því að nota staðlað margváða eyðublað opinbera viðmótsins sem er tengt við upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IM-upplýsingakerfið) sem komið var á fót með 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 ⁽²⁾.
- 2) Notendur, sem til þess hafa heimild, ættu að hafa aðgang að opinbera viðmóttinu, sem er tengt við IM-kerfið, með því að stofna öruggan reikning sem gerir þeim kleift að hafa umsjón með beiðnum um yfirlýsingar um útsendingu ökumanna og beiðni um skjöl sem lögbær yfirlýsing aðildarríkis leggja fram. Notendur, sem til þess hafa heimild, ættu að geta skráð upplýsingar varðandi rekstraraðilann, flutningastjórnann og útsenda ökumenn. Notandi, sem til þess hefur heimild, er einstaklingur sem kemur fram fyrir hönd rekstraraðilans til að hafa umsjón með yfirlýsingum um útsendingu ökumanna og svara beiðnum um skjöl frá gístaðildarríkinu.
- 3) Senda ætti yfirlýsingar um útsendingu ökumanna, í gegnum opinbera viðmótið, sem nær yfir sex mánuði að hámarki.
- 4) Til að fara að 12. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057 og til að halda yfirlýsingum um útsendingu ökumanna uppfærðum ætti að vera mögulegt að breyta upplýsingunum í yfirlýsingunni um útsendingu ökumanna.
- 5) Auðvelt ætti að vera að endurnýja yfirlýsinguna til að forðast að leggja óhóflega stjórnsýslubyrði á rekstraraðila.
- 6) Til að gera rekstraraðilum kleift að uppfylla skylduna, sem sett er fram í i. lið b-liðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057, ætti opinbera viðmótið, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, að gera yfirlýsinguna tiltæka á pappírformi og á rafrænu formi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 443, 10.12.2021, bls. 68. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2023 frá 27. október 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 249, 31.7.2020, bls. 49.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (reglugerðin um IM-upplýsingakerfið) (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

- 7) Takist rekstraraðilanum ekki að senda skjöl, skv. c-lið 11. mgr. 1. gr., ætti hann að geta séð í opinbera viðmótinu, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, þegar staðfestuáðildarríkið hefur sent slík skjöl í kjölfar beiðni gístiaðildarríkisins um aðstoð í IM-upplýsingakerfinu.
- 8) Opinbera viðmótið, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, ætti einnig að gera einu eða fleiri landsbundnum yfirvöldum kleift að taka á móti, í IM-upplýsingakerfinu, yfirlýsingum um útsendingu ökumanna og skjölum sem rekstraraðili sendir þeim að þeirra beiðni.
- 9) Til að tryggja árangursríka framfylgd sértækra reglna um útsendingu ökumanna og til að forðast óhóflega stjórnarsýslubyrði er mikilvægt að lögbær landsyfirkvöld innan gístiaðildarríkisins samræmi aðgerðir sínar þannig að rekstraraðilar fái ekki óþarfa beiðni í opinbera viðmótinu, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, frá því aðildarríki sem tekur til sama útsendingartímabils.
- 10) Til að landsbundin yfirvöld geti haft eftirlit með því hvort reglum sé fylgt um útsendingu ökumanna er mikilvægt að þau hafi aðgang að ökuritaskífu ökumanns sem inniheldur landskóða þeirra aðildarríkja sem ökumaðurinn fer um.
- 11) Í ljósi þess að rekstraraðilar þurfi einungis að geyma ökuritaskífur, útprentanir og niðurhóluð gögn á læsilegu formi í a.m.k. eitt ár eftir notkun ætti opinbera viðmótið, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, að gera rekstraraðilanum kleift að svara beiðnum um skjöl frá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem ökumaður var útsendur á tímabili sem tekur til næstliðinna 12 mánaða frá dagsetningu beiðninnar, eins og í samræmi við 5. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ⁽³⁾.
- 12) Til að gera rekstraraðilum kleift að safna öllum nauðsynlegum skjölum innan átta vikna ætti hann að geta sent umbeðin skjöl í einum eða fleiri áföngum.
- 13) Ef gístiaðildarríkið óskar eftir aðstoð staðfestuáðildarríkisins ætti rekstraraðilinn að fá tilkynningu þess efnis í gegnum opinbera viðmótið sem er tengt við IM-upplýsingakerfið.
- 14) Til að koma í veg fyrir að beiðni um skjöl haldist opnar ótímabundið ætti lögbært yfirvald gístiaðildarríkisins að loka þeim þegar lokið hefur verið við að meta hvort rekstraraðilinn hafi fylgt reglum um útsendingu ökumanna, og upplýsa rekstraraðilann um niðurstöðu beiðninnar. Þegar lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins loka ekki beiðnum um skjöl ættu þær að lokast sjálfkrafa að 24 mánaða tímabili loknu.
- 15) Í ljósi viðkvæms eðlis persónuupplýsinganna, sem deilt er með því að nota opinbera viðmótið sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, er nauðsynlegt að gera kleift að eyða öllum gögnum sem eru geymd í því viðmóti og á reikningum rekstraraðila þegar þau gögn teljast ekki lengur nauðsynleg til að hafa eftirlit með því að reglum um útsendingu ökumanna í flutningum á vegum sé fylgt. Skyldan um sjálfvirka eyðingu ætti einnig að gilda um skjöl sem rekstraraðilinn sendir í gegnum opinbera viðmótið, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, í kjölfar beiðna um skjöl frá lögbærum yfirvöldum.
- 16) Ef nauðsynlegt reynist, að því er varðar þessa reglugerð, að vinna úr persónuupplýsingum ætti vinnslan að samrýmast lögum Sambandsins um vernd persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga, samkvæmt þessari reglugerð, fellur undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁴⁾.
- 17) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún álit 7. júlí 2021.
- 18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samþæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjtið. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindar aðgerðir opinbera viðmótsins, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, að því er varðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057.

2. gr.

Almennar aðgerðir

1. Rekstraraðilar skulu einkum geta notað eftirfarandi tæknilegar aðgerðir í margmála opinbera viðmótinu, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, til að:

- 1) búa til reikning fyrir öruggan aðgang að fráteknu svæði rekstraraðilans,
- 2) tryggja viðeigandi skráningu á virkni notanda,
- 3) skrá í reikninginn upplýsingar um rekstraraðila, notendur, sem hafa til þess heimild, flutningastjóra og útsenda ökumenn,
- 4) hafa umsjón með yfirlýsingum um útsendingu ökumanna:
 - a) skrá upplýsingarnar sem um getur í a-lið 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057,
 - b) senda yfirlýsingu um útsendingu ökumanns, sem inniheldur upplýsingarnar sem um getur í a-lið, sem nær yfir að lágmarki einn dag og að hámarki sex mánuði,
 - c) breyta upplýsingunum í yfirlýsingunni um útsendingu ökumanns svo hún sé reglulega uppfærð,
 - d) hala niður afriti af yfirlýsingunni um útsendingu ökumanns á rafrænu formi og á formi sem gerir prentun mögulega,
 - e) endurnýja yfirlýsingu um útsendingu ökumanns,
 - f) draga yfirlýsingu um útsendingu ökumanns til baka,
- 5) taka á móti og svara beiðnum um skjöl skv. c-lið 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057,
- 6) fá aðgang að og skoða öll skjöl sem lögbær yfirvöld staðfestuaðildarríkisins leggja fram,
- 7) hafa samskipti við lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem ökumaðurinn var útsendur,
- 8) fá tilkynningu um að lögbær yfirvöld gístiaðildarríkisins hafi lokað beiðninni.

2. Eitt eða fleiri landsbundin yfirvöld gístiaðildarríkisins, sem eru lögbær yfirvöld í skilningi f-liðar 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012, skulu þar að auki geta notað tæknilegu aðgerðirnar í margmála opinbera viðmótinu, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, til að:

- a) taka á móti yfirlýsingu um útsendingu ökumanns,
- b) óska eftir gögnum samkvæmt málsmeðferðinni sem tilgreind er í c-lið 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057,
- c) færa inn lokaniðurstöðu mats á því hvort rekstraraðili hafi fylgt reglum um útsendingu ökumanns og loka beiðninni í IM-upplýsingakerfinu.

3. gr.

Aðgerðir varðandi beiðnir um skjöl

1. Opinbera viðmótið skal gera lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins, þar sem ökumaðurinn var útsendur, kleift að óska eftir því við rekstraraðilann að hann sendi skjölin, sem sett eru fram í fyrstu undirgrein c-liðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057, fyrir tímabil sem tekur til næstliðinna 12 mánaða frá dagsetningu beiðninnar. Opinbera viðmótið, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, ætti að gera rekstraraðilanum kleift að senda umbeðin gögn í einum eða fleiri áföngum.
2. Ef rekstraraðilinn er beiðinn um senda eitt eða fleiri viðbótarskjöl, sem voru ekki hluti af beiðninni sem um getur í 1. mgr., skal opinbera viðmótið reikna út átta vikna tímamörkin til að senda skjölin frá dagsetningu beiðninnar um viðbótarskjalið eða -skjölin.
3. Opinbera viðmótið skal gera kleift að tilkynna rekstraraðilanum þegar gístiaðildarríkið óskar eftir aðstoð staðfestuaðildarríkisins.
4. Öll skjöl, sem lögbært yfirvald staðfestuaðildarríkisins halar upp í kjölfar beiðni um aðstoð sem lögbært yfirvald gístiaðildarríkisins leggur fram skv. annarri undirgrein c-liðar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057, skulu vera sýnileg á reikningi rekstraraðila.
5. Opinbera viðmótið skal gera kleift að tilkynna rekstraraðilanum um lokun beiðni um skjöl með vísbendingu um lokaniðurstöðu þegar landsbundin yfirvöld hafa skoðað umbeðin skjöl.

Beiðnir um skjöl, sem lögbært yfirvald gístiaðildarríkisins sem leggur fram beiðnina hefur ekki lokað, skulu lokast sjálfkrafa 24 mánuðum eftir dagsetningu beiðninnar.

4. gr.

Aðgerðir varðandi varðveislu gagna

1. Opinbera viðmótið, sem er tengt við IM-upplýsingakerfið, skal gera kleift að eyða öllum gögnum sem geymd eru í því opinbera viðmóti og á reikningum rekstraraðila þegar þessi gögn teljast ekki lengur nauðsynleg að því er varðar tilganginn að baki gagnasöfnuninni og vinnslu gagnanna. Opinbera viðmótið skal gera kleift að senda áminningu til rekstraraðilans um að endurskoða og eyða, þegar nauðsyn krefur, persónuupplýsingum um ökumann.
2. Opinbera viðmótið skal gera kleift að eyða sjálfkrafa yfirlýsingum um útsendingar ökumanna, sem sendar hafa verið í gegnum opinbera viðmótið, að loknu 24 mánaða tímabilinu sem um getur í 13. mgr. 1. gr. tilskipunar (ESB) 2020/1057.
3. Ef rekstraraðilinn hefur lagt fram skjöl, sem hluta af beiðni um skjöl, skulu umbeðin skjöl ekki vera aðgengileg lengur en þörf krefur að því er varðar tilganginn að baki gagnasöfnuninni og eigi lengur en í 12 mánuði eftir að beiðninni hefur verið lokað.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
